

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Af öllu íbúðarhúsnæði í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem virt er fasteignamati, skal árlega greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Eigendur annarra fasteigna sem virtar eru fasteignamati og ekki annast sorphirðu sjálfir fá sérmerkta sorppoka gegn gjaldi sem er kr. 130 pr. poka og innifelur það kostnað við sorphreinsun og sorpeyðingu.

3. gr.

Sorphirðugjald á aðrar fasteignir fellur niður enda annast eigendur sjálfir alla hreinsun og eyðingu sorps.

4. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6.500.

5. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 31

4. janúar 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á svæðisskipulagi Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. janúar 1996 staðfest svæðisskipulag 1992-2012 fyrir Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu.

Landnotkunarráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórna Dalabyggðar, Saurbæjarhrepps og Reykhólahrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. janúar 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.